



Frjálsíþróttaráð HSK

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Veffang: www.hsk.is

Selfoss 7. febrúar 2022

Sent til félaga og deilda innan frjálsíþróttaráðs HSK

Unglingamót HSK í frjálsíþróttum innanhúss

Unglingamót HSK 15-22 ára í frjálsum íþróttum innanhúss 2023 munu fara fram í Selfosshöllinni sunnudaginn 5. mars. Mótið hefst kl 10:00.

Keppnisgreinar og flokkaskipting

Stúlkur og piltar 15 ára, 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára: 60 m hlaup - 60 m grindahlaup - hástökk - langstökk – kúluvarp.

Keppnisréttur og skráningar

Keppendum er ekki heimilt að keppa upp fyrir sig í aldri. Fjöldi þátttökugreina á hvern keppanda er ótakmarkaður.

Skráning fer fram á vef FRÍ, sjá mótaforritið Þór á heimasíðunni, www.fri.is Þjálfari eða forsvarismaður hvers félags á að hafa aðgangsorð að síðunni. Þau félög sem hafa ekki fengið aðgang geta haft samband við formann frjálsíþróttaráðs og fengið aðgangsorð. Kennitala þarf að fylgja hverjum keppanda.

Skráningarfrestur er til kl. 24:00 föstudaginn 3. mars. Mótshaldari áskilur sér rétt til breytinga á tímaseðli ef skráning gefur tilefni til og munu allar breytingar koma fram á mótaforritinu fyrir kl 18:00 laugardaginn 4. mars. Skráningargjald er 1500 kr á keppanda óháð fjölda keppnisgreina.

Skráningar á staðnum verða ekki leifðar, hvorki nýskráning keppenda né viðbót í greinar. Gestaskráning er ekki leifð á mótisdag. Gestaskráning keppenda úr öðrum félögum en aðildarfélögum HSK er ekki leyfð.

Verðlaun

Þrír fyrstu í hverri grein fá verðlaunapening. Auk þess verða veitt verðlaun fyrir stigahæsta félag á mótinu í heild.

Stigakeppni félaga

Sex fyrstu í hverri grein fá stig fyrir sitt félag. 1. sæti gefur 6 stig, 2. sæti 5 stig o.s.fr. Verði félög jöfn að stigum sigrar það félag sem fleiri sigurvegara á á mótinu.

Starfsmenn félaga

Samkvæmt samþykkt eiga félögin innan frjálsíþróttaráðs að útvega starfsmenn til starfa á mótinu. Nánara fyrirkomulag verður auglýst þegar nær dregur.

Kærar kveðjur,

Guðmunda Ólafsdóttir,
Formaður frjálsíþróttaráðs HSK.